

Samgöngusamningur MTR

Skólinn

Skólinn kemur til móts við kennara með því að haga stundatöflugerð þannig að ferðum milli heimilis og skóla sé haldið í lágmarki og leitast við að fækka dögum með staðbundinni viðveru. Skólinn leggur áherslu á að vera í góðu samstarfi við nærsveitarfélögin um góðar almenningssamgöngur.

Í skólanum eru tvær rafhleðslustöðvar fyrir bifreiðar og möguleiki á að hlaða reiðhjólaraflöður hjá húsverði.

Skólinn leitast við að haga stundatöflugerð þannig kennarar geti unnið að heiman að minnsta kosti einn heilan dag í viku. Fyrir þá sem eiga um langan veg að sækja er þarna ekki aðeins um jákvæð umhverfisáhrif að ræða heldur líka tímasparnað vegna ferða og fjárhagslegan sparnað fyrir þá sem keyra á einkabíl, minna eldsneyti og minna slit á bílum. Þegar veður og færð eru slæm þá er einnig minni streituvaldur að þurfa að ferðast sjaldnar til og frá vinnu.

Starfsmenn

Starfsmenn skólans eru ýmist búsettir á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Akureyri, Skútustaðahreppi eða erlendis. Flestir þurfa að fara um jarðgöng á leið til og frá vinnu, þar sem gangandi vegfarendur eru bannaðir og reglulegar hjólreiðar í þröngum göngum óheilnæmar. Valmöguleikar í samgöngusamningum starfsfólks miðast því við búsetu og eru eftirfarandi:

- Einkabíll vistvænn
- Strætó
- Skólabifreið
- Samkeyrsla
- Vinna að heiman
- Ganga
- Hjóla
- Annað sem starfsmaður leggur til

Í samgöngusamningi er tekið fram hversu marga vinnudaga starfsmaður treystir sér til að uppfylla eitthvað af þessum atriðum en að lágmarki skal miða við 3 daga af 5.

Samgöngusamningar gilda í eina önn þar sem forsendur breytast með nýrri stundatöflu.

Samgöngusamningur miðað við búsetu:

Búseta	Valkostir	Mótframlag skólans
Akureyri, Dalvík, Skútustaðahreppur	<ul style="list-style-type: none"> Einkabíll vistvænn Strætó Samkeyrsla Vinna að heiman 	<ul style="list-style-type: none"> Rafhleðslustöðvar Stundatafla miðuð við strætó ef kostur er. Stundatöflugerð miðuð við samkeyrslu þeirra sem þess óska eins og kostur er.
Siglufjörður	<ul style="list-style-type: none"> Einkabíll vistvænn Strætó Samkeyrsla Skólarúta Vinna að heiman 	<ul style="list-style-type: none"> Rafhleðslustöðvar Stundatafla miðuð við strætó ef kostur er. Stundatöflugerð miðuð við samkeyrslu þeirra sem þess óska eins og kostur er. Frítt í skólarútu fyrir starfsmenn.
Ólafsfjörður	<ul style="list-style-type: none"> Einkabíll vistvænn Hjóla Ganga Vinna að heiman 	<ul style="list-style-type: none"> Rafhleðslustöðvar Viðgerðaraðstaða og geymsla fyrir hjól
Erlendis, annað, sérsamningar	<ul style="list-style-type: none"> Fjarvinna 60 - 100% Á Eyjafjarðarsvæðinu, þá sama og hér að ofan. 	<ul style="list-style-type: none"> Skólinn kaupir tækjabúnað (nærveru) Ferðir til og frá Eyjafjarðarsvæðinu kolefnisjafnaðar

Séraðstæður vegna Covid-19: Skólinn útvegar andlitsgrímur fyrir þá starfsmenn sem kjósa að samkeyra eða taka strætó.